



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 17. maí 2022 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Halldór Jóhannsson (HJ), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS).

Mættir varamenn: Jóhann Egilsson (JE), Sigurjón Andersen (SA).

Fjarverandi: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) aðalmaður og Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður

AS ritaði fundargerð.

1. Fjarfundir

AS lagði 9. maí s.l. fram tillögu um yfirferð og breytingar á gildandi reglum AKÍS um fjarfundi. Ákveðið að AS, HJ og JE leggi tillögu að endurskoðuðum reglum um fjarfundi fyrir fund stjórnar 21. júní.

2. Slyss á torfæru á Hellu

Tveir keppendur þurftu að leita aðhlynningar vegna verkja sem þeir fengu í keppni á Hellu 7. og 8. maí s.l. Skýrsla öryggisfulltrúa keppinnar hefur ekki borist. Ákveðið að öryggisráðið fá aðgang að öllum innsendum skýrslum öryggisfulltrúa, sem og stjórn.

3. Rafræn skírteini

Ákveðið að veita þeim sem sitja í öryggisráði aðgang að öllum viðburðum með útgáfu rafræna skírteina. HKS mun gera nauðsynlegar breytingar á Reglugerð um keppnishald og leggja fyrir stjórn.

4. Kynningarfundur fyrir keppendur

Haldin var kynning fyrir keppendur á reglum o.fl. tengdu keppnishaldi hér í Reykjavík miðvikudaginn 4. maí. Mæting var sérstaklega góð, einkum frá keppendum í rallycrossi. Stefnt er á að halda sambærilegan fund á Akureyri fimmtudaginn 19. maí kl. 20:00.

5. IDR mælar

Öryggisráð óskaði eftir IDR mælum (Impact Data Recorder) frá FIA. 50 mælar eru komnir til landsins og búið er að setja í 13 ökutæki í rallycrossi. Stefan er að setja í keppnistæki í sem flestum greinum.

6. NEZ fundur

HKS sagði frá að fundur var haldin í FIA-NEZ council í fjarfundi s.l. föstudag. Helstu málin sem voru rædd snúa að nýrri stjórn FIA og þeim breytingum sem eru í tengslum við störf hennar. M.a.



er búið að ákveða að stóra sport ráðstefnan 5. - 6. júlí verði í fjarfundi. Þjóðirnar eru ekki sáttar við þá stefnu að setja allt í fjarfundi.

NEZ council ætlar ekki að hafa alla sína fundi í fjarfundi. Það telur að fólk þurfi að hittast í eigin persónu inn á milli til að ræða málinn. Stefnt er á að halda haustfund allra NEZ nefnda á sama tíma í lok september, í Svíþjóð.

7. Önnur mál

- Aldurstakmörk í spyrnu

Keppnisráðið í spyrnu óskar eftir breytingu á aldurstakmörkum í spyrnu, að þau færist í 15 ára á árinu fyrir flokka T/F og T/G. Samþykkt af stjórn, og HKS falið að svara erindinu og birta jafnframt á www.akis.is.

- Erindi frá formönnum AÍH og BÍKR

Erindi hefur borist frá formönnum AÍH og BÍKR vegna aðildar að WIM. Ákveðið að ræða á væntanlegum vinnufundi.

- Umræða um akstursíþróttir

Fundur var haldinn s.l. föstudag um umræðu varðandi upptökur og útsendingar frá torfærukeppnum. Eftir hann var gefin út sameiginleg yfirlýsing allra aðila um að leysa málin og leitast við að leysa ágreining á lokuðum fundum.

Staðan er sú eins og er að þau félög sem halda munu torfærukeppnir á árinu eru í viðræðum við Skjáskot um útfærslu samstarfs.

Talsverð umræða hefur farið fram undanfarna daga, einkum á samfélagsmiðlum, þar sem ýmsir aðilar hafa tjáð sig á miður heppilegan hátt um stöðu mála.

Ákveðið var að stjórnin sendi frá sér yfirlýsingu um málið:

Yfirlýsing frá stjórn AKÍS vegna umræðu um upptökur og útsendingar frá torfærukeppnum

Undanfarna daga hefur farið fram óvægin og oft á tíðum mjög villandi umræða á samfélagsmiðlum um keppnishald og útsendingar frá torfærukeppnum. Stjórn AKÍS fordæmir þessa umræðu og fer fram á að fólk sem ekki er með alla þætti málsins á hreinu láti vera að blanda sér í umræðuna og gefi þeim sem þessum málum ráða tækifæri til að klára sína vinnu. Viðræður eru í gangi og vonir standa til að farsæl niðurstaða fyrir alla aðila liggji fyrir á allra næstu dögum.

Varðandi keppni Kvartmíluklúbbsins, sem átti að fara fram 21. maí næstkomandi, er rétt að taka eftirfarandi fram. Ástæðan fyrir því að hún er felld niður er að einungis 5 keppendur skráðu sig og það er undir þeim lágmarksfjölda sem reglur kváðu á um til að keppnin yrði haldin. Viðræður aðila um útsendingar stóðu yfir þegar skráningarfresti lauk, og keppnishaldari vann að undirbúningi keppinnar. Allt tal um svik eða vanefndir af hálfu Kvartmíluklúbbsins eða annarra vegna þessarar keppni eru einfaldlega ekki réttar. Það er von stjórnar AKÍS að allir sameinist um öflugt starf í akstursíþróttum á Íslandi með uppbyggilegri umræðu og jákvæðu hugarfari.

Næsti fundur er vinnufundur um málefni WIM, 24. maí á Zoom kl. 18:00.

Næsti almenni stjórnarfundur verður 7. júní á Zoom kl. 18:00.

Fundi slitið kl. 22.00